



FUNDARGERÐ 442. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 30. desember 2020. Fundurinn er settur klukkan 08:38. Fundurinn er fjarfundur á Teams.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir stjórnarformaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Ágúst Bjarni Garðarsson (sótti fund klukkan 09:02 þegar 2. liður er til umræðu), Bjarni Torfi Álfþórsson, Birkir Jón Jónsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Líf Magneudóttir. Helgi Þór Ingason, fráfaramandi framkvæmdastjóri, Jón Viggó Gunnarsson, tilvonandi framkvæmdastjóri, Guðrún Eva Jóhannesdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, sérfræðingur í samskiptum og samfélagsvirkni.

Tekið fyrir

1. Staða og horfur í rekstri og fjárfestingum

Framkvæmdastjóri og fjármálastjóri gera grein fyrir stöðu og horfum í rekstri. Staðan er í samræmi við áætlun.

2. Minnisblað vegna útflutnings á endurvinnsluplasti

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um útflutning á plasti. Nýjar reglur taka gildi í Evrópu um innflutning á plasti frá og með áramótum. Breytingarnar, sem voru kynntar með mjög litlum fyrirvara, hafa það meðal annars í för með sér að mengað endurvinnsluplast verður álitnið spilliefni og veldur flækjum við útflutning á því. Þörf er á sérstöku leyfi til útflutningsins.

Umsókn um leyfi er í vinnslu og er afgreiðsla þess að vænta í fyrsta lagi um miðjan febrúar. Þangað til að útflutningur getur hafist aftur eftir áramót verður plast geymt hjá SORPU. Það plast sem er skilað til SORPU er hins vegar mishreint og því líkur á að hægt verði að koma hluta þess plasts í aðra farvegi.

Breytingarnar hafa það einnig í för með sér að Umhverfisstofnun gerir kröfu um bankaábyrgð til tryggingar vegna útflutningsins. Stjórn samþykkir að SORPA sækir um bankaábyrgð vegna útflutnings á plasti til lánastofnana og veitir framkvæmdastjóra jafnframt heimild til þess að semja um og undirrita samninga vegna þess.

3. Minnisblað vegna útboðs á gámaleigu og flutningi

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir minnisblaði um útboð á gámaleigu og flutningi. Minnisblaðið rætt. Stjórn tekur undir þörf á að skýra aðkomu stjórnar að undirbúningi útboða.

4. Viljayfirlýsing um þróunarsamstarf við PVD ehf. vegna verkefnis um að vinna olíu úr plasti

Jón Viggó gerir grein fyrir viljayfirlýsingu um þróunarsamstarf við PVD ehf., áður Refskegg. Viðræður við fyrirtækið hafa verið í gangi frá árinu 2016. Í viljayfirlýsingunni felast skuldbindingar af hálfu SORPU um að starfa ekki að þróunarsamstarfi að vinnslu á olíu úr plasti með öðrum aðilum í 18 mánuði frá undirritun og að SORPA sjái PVD ehf. fyrir allt að 6.000 tonnum af plasti á tímabilinu. Í viljayfirlýsingunni eru ákvæði sem gera SORPU kleift að losna undan þeirri skuldbindingu sem í henni felast við tiltekna aðstæður. Viljayfirlýsingin felur ekki í sér fjárhagslegar skuldbindingar af hálfu SORPU bs.

Stjórn samþykkir að veita framkvæmdastjóra heimild til að undirrita viljayfirlýsinguna.



5. Kynningarfundur um hátæknisorprenslu 11. janúar

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir fyrirhuguðum kynningarfundum um hátæknisorprenslu, sem er áætlaður 11. janúar 2021, og minnisblaði um kynningarfundinn.

6. Áhættustefna SORPU bs.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir drögum að áhættustefnu. Stjórn samþykkir stefnuna. Stefnan felur í sér almenna umgjörð áhættustjórnunar. Útfærsla stefnunnar verður í höndum stjórnenda samlagsins. Fjallað verður um stefnuna á vettvangi stjórnar á fjögurra mánaða fresti.

7. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

8. Næsti fundur

Næsti fundur stjórnar verður haldinn í samræmi við fundaáætlun stjórnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið klukkan 10:15.